

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1929****2022/EES/34/41****frá 8. nóvember 2021****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar skilyrði fyrir útflutningi á tilteknum lífrænum áburði og jarðvegsbætum sem innihalda efni í 2. flokki (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ⁽¹⁾, einkum a-lið 3. mgr. 32. gr. og annarri undirgrein 3. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur um heilbrigði dýra og manna er varða setningu afleiddra afurða á markað og útflutning þeirra, þ.m.t. lífrænn áburður og jarðvegsbætar.
- 2) Í V. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um reglur um útflutning á m.a. unnum húsdýraáburði. Unninn húsdýraáburð má nota sem efnisþátt til að útiloka síðari notkun á lífrænum áburði og jarðvegsbætum, sem innihalda kjöt- og beinamjöl úr efnum í 2. flokki, til fóðrunar. Breyta ætti reglum um útflutning á unnum húsdýraáburði til að leyfa útflutning á unnum húsdýraáburði sem er efnisblöndunarþáttur í kjöt- og beinamjöli úr efnum í 2. flokki.
- 3) Heimila ætti útflutning á tilteknum lífrænum áburði og jarðvegsbætum sem innihalda kjöt- og beinamjöl úr efnum í 2. flokki án þess að beina þeim í tiltekna farvegi, sem um getur í 4. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1069/2009, ef notkun á slíkum lífrænum áburði og jarðvegsbætum til fóðrunar er útilokuð vegna samsetningar þeirra eða pökkunar. Blanda ætti lífrænan áburð og jarðvegsbæta með unnum húsdýraáburði eða öðrum efnisþáttum sem mælt er fyrir um til að útiloka síðari notkun til fóðrunar. Fastsetja skal reglur um útflutning á lífrænum áburði og jarðvegsbætum, sem innihalda kjöt- og beinamjöl úr efnum í 2. flokki, í V. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
- 4) Í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um kröfur um merkingar er varða lífrænan áburð og jarðvegsbæta sem eru settir á markað í Sambandinu. Við útflutning til þriðju landa ættu merkingar að vera á einu af opinberu tungumálum þriðja landsins sem er viðtökuland.
- 5) Því ætti að breyta XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum V. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtd. ESB L 394, 9.11.2021, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtd. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðisefnirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtd. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Töflunni í V. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 skal breytt sem hér segir:

a) Í stað línu 1 kemur eftirfarandi:

„1	Unninn húsdýraáburður Lífrænn áburður, molta eða meltunarleifar frá ummyndun lífgass sem innihalda engar aðrar aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir en unninn húsdýraáburð Unnið dýrapróttín sem inniheldur unninn húsdýraáburð sem efnisblöndunarþátt eða kjöt- og beinamjöl úr efnum í 2. flokki sem innihalda unninn húsdýraáburð sem efnisblöndunarþátt	Eftirtaldar afleiddar afurðir verða a.m.k. að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a-, b-, d- og e-lið í 2. þætti I. kafla í XI. viðauka: — Unninn húsdýraáburður — Lífrænn áburður, molta eða meltunarleifar frá ummyndun lífgass sem innihalda engar aðrar aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir en unninn húsdýraáburð — Unninn húsdýraáburður sem efnisblöndunarþáttur í unnu dýrapróttíni eða kjöt- og beinamjöl úr efnum í 2. flokki.“
----	---	--

b) Eftirfarandi línu 4 er bætt við sem hér segir:

„4	Lífrænn áburður og jarðvegsbætur sem innihalda kjöt- og beinamjöl úr efnum í 2. flokki	Lífrænn áburður og jarðvegsbætur sem innihalda kjöt- og beinamjöl úr efnum í 2. flokki sem um getur í 1., 2., 3. og 5. lið 1. þáttar II. kafla XI. viðauka, sem uppfylla kröfurnar í þeim, sem er pakkað í 50 kg söluumbúðum eða léttari, til notkunar fyrir lokaneytendur, sem innihalda a) ekki meira en 90% miðað við rúmmál af kjöt- og beinamjöli úr efnum í 2. flokki, b) að lágmarki 10% miðað við rúmmál af unnum húsdýraáburði, unnu þvagi, kalki, jarðefnaáburði eða einhverjum öðrum efnisblöndunarþætti sem um getur í b-lið 3. liðar 1. þáttar II. kafla XI. viðauka.“
----	--	---